

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

1. málslíður 1. mgr. 25. gr. a reglugerðarinnar orðast svo:

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) eða XX. viðauka (Umhverfismál) samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af viðaukunum, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

#### 2. gr.

Við 25. gr. a bætist ný málsgrein sem verður svohljóðandi:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1961 frá 5. ágúst 2021 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 til að taka tillit til þróunar á massa nýrra fólksbifreiða sem skráðar voru 2017, 2018 og 2019, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24, 4. febrúar 2022, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 17. mars 2022, bls. 370-371.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 69. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 16. maí 2022.*

F. h. r.

**Ólafur Kr. Hjörleifsson.**

*Gauti Daðason.*